

**Fundargerð 20. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 21. desember 2015 kl. 14.30**

**Dagskrá:**

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Minnisblað um hlutverk og stöðu stýrihópsins.
3. Fundur með þingmönnum vegna nýrrar byggðaaætlunar.
4. Aukin framlög til sóknaráætlana – skipting.
5. Önnur mál.

**Mættir:** Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Þór G. Þórarinnsson (VEL), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá voru Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun) með á símafundi frá Egilsstöðum og Sauðárkróki. Björg yfirgaf fundinn eftir dagskrárlið 3.

**Fjarverandi:** Inga Birna Einarsdóttir (VEL) og Unnur Orradóttir Ramette (UTN).

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar stýrihópsins hafði verið send fundarmönnum fyrir fundinn og var hún samþykkt án athugasemda.

**2. Minnisblað um hlutverk og stöðu stýrihópsins**

Formaður kynnti og lagði fram til umræðu fyrstu drög að minnisblaði um umboð stýrihópsins, en á síðasta fundi stýrihópsins var ákveðið að vinna drög að slíku minnisblaði. Talsverðar umræður urðu um innihald minnisblaðsins, stöðu og hlutverk stýrihópsins. Meðal annars var rætt um hvernig tryggja megi að fulltrúar stýrihópsins verði upplýstir um ákvarðanir innan hvers ráðuneytis sem mögulega hafa áhrif á byggðapróun. Rætt var um eftirlitshlutverk hópsins sem og frumkvæðisskyldu hans. Þá var skilgreining á hugtakinu byggðamál rædd og hvað fellur þar undir. Athygli var vakin á að ný samþykkt lög um opinber fjármál muni fela í sér gjörbreytt vinnulag innan ráðuneytanna og á það jafnt við um byggðamál sem aðra málaflokka.

Formaður lagði til að vinnuhópur vinni minnisblaðið áfram. Ákveðið að í vinnuhópinn verða, auk formanns og verkefnisstjóra, Karl Björnsson, Stefán Guðmundsson og Þórarinn Sólmundarson. Stefnt að því að tillögur liggja fyrir næsta fund.

**3. Fundur með þingmönnum vegna nýrrar byggðaaætlunar**

Að frumkvæði ráðherra byggðamála hefur verið ákveðið að boða til hugarflugsfundar um byggðaaætlun með alþingismönnum í byrjun janúar. Formaður greindi frá símafundi sem hún átti með Byggðastofnun í síðasta viku um fyrirkomulag fundarins. Gert er ráð fyrir tveggja tíma fundi og að hann verði haldinn fyrir

þingsetningu, sem verður þann 19. janúar. Fulltrúum stýrihópsins verður boðin að sitja fundinn sem áheyrendur, en ekki til að taka þátt í umræðunum.

#### **4. Aukin framlög til sóknaráætlana – skipting**

Fjárlög fyrir árið 2016 voru samþykkt á Alþingi þann 19. desember sl. Með þeim hækka framlög ríkisins til sóknaráætlana um samtals 80 milljónir. Framlög frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hækka um 45 milljónir og framlög frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu hækka um 35 milljónir. Alls munu þannig 630,7 milljónir renna til sóknaráætlana landshluta árið 2016. Rætt var um hvort ástæða væri til að eyrnamerkja afmarkaða fjármagn í óháða úttekt á sóknaráætlanaverkefnum og ráðstefnu um sóknaráætlana. Ákveðið var að skoða nánar hvernig best væri að standa að því.

Stýrihópurinn ræddi skiptingu framlaga ríkisins til landshlutanna og telur rétt að fara eftir núgildandi skiptareglu.

#### **5. Önnur mál**

##### *a) Næsti fundur stýrihóps*

Næsti fundur stýrihópsins ákveðinn 11. janúar 2016 kl. 14.00-16.00 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.